AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 55/1992 um setningu flugreglna.

1. gr.

Málsliðurinn „Sækja skal um leyfi með a.m.k. 24 klst. fyrirvara“ í grein 2.1. í viðauka 5 við auglýsinguna fellur brott.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 30. maí 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag fyrir uppgröft við Suðurveg „Pompei norðursins“ á hverfisverndarsvæði HV-8 í Vestmannaeyjum.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyja þann 2. júní 2005 tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir uppgröft við Suðurveg „Pompei norðursins“ á hverfisverndarsvæði HV-8 í Vestmannaeyjum.

Deiliskipulagið hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum, mæla fyrir um.

Framangreint deiliskipulag tekur þegar gildi.

Vestmannaeyjum, 10. júní 2005.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Vestmannaeyja,

Sigurður Smári Benónýsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 419/1999 um skírteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands.

1. gr.

Aftan við gr. 2.14.1.4. komi ný grein sem verði 2.14.1.4.1. svohljóðandi:

Einkaflugmanni með mikla reynslu, yfir 100 flugtíma samtals, er heimilt að taka verklegt stöðupróf og bóklegt próf í reglum er varða fis, sem nægir til að fullnægja kröfum fyrir skírteini fisflugmanns með farþegaáritun, ef um er að ræða fis með þriggja ása stýringu.

2. gr.

Grein 2.14.1.5.1. orðist þannig:

Umsækjandi skal vera handhafi 2. flokks heilbrigðisvottorðs sem í gildi er sbr. 2.14.1.5.3.

3. gr.

Ný grein sem verði 2.14.1.5.3. skal orðast svo:

Gildistími 2. flokks heilbrigðisvottorðs fisflugmanna er 60 mánuðir til 30 ára aldurs og síðan 24 mánuðir. Þó getur fluglæknir stytt gildistímann sýnist honum ástæða til. Sérstök takmörkun skal færð í vottorðið um að það gildi einvörðungu fyrir fis. Þessi sérákvæði um gildistíma gilda ekki um 2. flokks heilbrigðisvottorð vegna annarra flugmannsskírteina en fisflugmannsskírteina. Sjá JAR-FCL 3.105.

Samgönguráðuneytinu, 30. maí 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

6. júní 2005 Nr. 570

AUGLÝSING

um breytingu og stækkun á deiliskipulagssvæði miðbæjar Stykkishólms.

Í samræmi við 3. mgr. 25. gr skipulags- og byggingarlaga samþykkti bæjarstjórn Stykkishólms, þann 26. maí 2005 deiliskipulagsbreytingu og stækkun á miðbæjarskipulagi Stykkishólms.

Breytingin er í eftirfarandi meginatriðum:

1. Deiliskipulag við Laufásveg og Borgarbraut frá 2003 er fellt inn í deiliskipulag miðbæjarins auk annara breytinga.
2. Lóðir suðaustan Laufásvegar eru felldar inn í deiliskipulag miðbæjarins.
3. Gerðar eru breytingar á og innan nokkurra lóða við Aðalgötu og Laufásveg auk þess sem fallið er frá því að tengja saman Laufásveg og Víkurgötu.

Við gildistöku þessa skipulags fellur úr gildi deiliskipulag af Laufásvegi og Borgarbraut frá árinu 2003.

Uppdrættirnir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 6. júní 2005.

Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir, skipulags- og byggingarfulltrúi.